
*Fornleifaskráning innan fyrirhugaðrar
skógræktar í Kaldaðarnesi*



Ragnheiður Gló Gylfadóttir

FS838-21111

Fornleifastofnun Íslands

Reykjavík

2021



Forsíðumyndin er af tóft ÁR-219:014, horft er til NNV.

Myndina tók Ragnheiður Gló Gylfadóttir.

© 2021

Fornleifastofnun Íslands

Bárugötu 3

101 Reykjavík

Sími: 551 1033

Netfang: fsi@fornleif.is

Heimasíða: www.fornleif.is

Samantekt

Skýrsla þessi fjallar um skráningu fornleifa á völdum svæðum innan tæplega 180 ha stórs deiliskipulagssvæðis í Kaldaðarnesi, í sveitarfélaginu Árborg. Fornleifaskráningin var unnin að beiðni landeigenda vegna fyrirhugaðrar skógræktar innan svæðisins. Gengið var kerfisbundið um þann hluta svæðis sem er óblásinn/óraskaður í leit að áður óþekktum fornleifum líkt í takt við kröfur Minjastofnun Íslands en ekki um reitinn allann (sem er talsvert stærri). Skráningin var unnin á vordögum 2021. Innan marka deiliskipulags voru skráðar átta fornleifar sem allar voru metnar í stórhættu vegna fyrirhugaðra framkvæmda.

Efnisorð: Fornleifaskráning, deiliskráning, skógrækt, Kaldaðarnes, Árborg, Fornleifastofnun Íslands

Summary

This report presents the findings and conclusions of a detailed survey carried out at selected areas within a 180 ha area within the farm Kaldaðarnes, south Iceland. The survey was commissioned by the landowners who are planning forestry in the area. In all eight archaeological sites were surveyed and, all of them considered to be at a high risk because of the proposed forestry.

Keywords: Archaeology, detailed survey, forestry Kaldaðarnes, Árborg, Institute of Archaeology in Iceland




Efnisyfirlit

| | | |
|----|---|----|
| 1. | Inngangur | 7 |
| 2. | Saga fornleifaskráningar og löggjöf | 9 |
| 3. | Aðferðir við fornleifaskráningu | 11 |
| 4. | Fornleifaskrá | 13 |
| | ÁR-219 Kaldaðarnes | 13 |
| | ÁR-651 Fornleifar á fleiri en einni jörð; Sandvíkurhreppur | 17 |
| 5. | Helstu niðurstöður | 19 |
| | Heimildir | 21 |
| | Viðauki I: Minjakort | 23 |

1. Inngangur

Á vordögum 2021 hafði Jörundur Gauksson samband við Fornleifastofnun Íslands ses, fyrir hönd landeigenda í Kaldaðarnesi, og fór þess á leit að stofnunin tæki að sér skráningu fornleifa innan 180 ha deiliskipulagsreits, norðaustarlega í landi jarðarinnar. Deiliskipulagsreiturinn er að mestu innan sandgræðslugirðingar og fyrirhuguð er skógrækt á svæðinu. Þar sem reiturinn var mjög stór og að talsverðu leyti örfoka var ákveðið í samráði við Minjastofnun Íslands að þaulganga einungis óröskuð svæði innan deiliskipulagsreitisins. Á undanförunum áratugum hefur umtalsvert rask orðið á svæðinu. Heimildir geta t.d. um grjótnám á svæðinu vegna vegagerðar og mikið grjót- og hraunnám var einnig á svæðinu á hernámsárunum. Flóð úr Ölfusá ganga yfir stóran hluta svæðisins og að auki hefur þar verið mikill uppblástur.¹



Kort sem sýnir afmörkun úttektarsvæðis og staðsetningu skráðra minjastaða. ©Loftmyndir ehf og Landmælingar Íslands.

Fornleifastofnun Íslands hefur tvisvar áður skráð fornleifar innan afmarkaðara deiliskráningarreita í Kaldaðarnesi áður og eru þrír af þeim minjastöðum sem þá voru skráðir innan marka deiliskipulagsreits.² Að auki voru þekktar þrjár aðrar fornleifar innan svæðisins úr

1 Páll Lýðsson, 296, 298, 304; Guðmundur Kristinsson. 1998: 56, 58.

2 Adolf Friðriksson, 2005 og Ragnheiður Gló Gylfadóttir, 2018.

heimildaskráningu sem unnin var fyrir allan Sandvíkurhrepp árið 2002.³ Við vettvangsskráningu var gengið kerfisbundið um óröskuð svæði innan deiliskipulagsreits og leitað að minjum. Gengin svæði voru á bilinu 10 til 20 ha. Kerfisbundnar göngur um óröskuð svæði leiddu í ljós tvær fornleifar innan þeirra og alls voru því skráðar átta fornleifar innan deiliskráningarreitsins. Um vettvangsskráningu, úrvinnslu og skýrslugerð sá Ragnheiður Gló Gylfadóttir, fornleifafræðingur.

Skýrsla þessi er byggð upp á svipaðan hátt og aðrar deiliskráningarskýrslur Fornleifastofnunar. Í öðrum kafla er að finna stutt yfirlit um löggjöf um minjavernd. Í þriðja kafla er fjallað um þá aðferðafræði sem notuð var við úttektina og í þeim fjórða er svo að finna sjálfa fornleifaskráninguna. Í henni er að finna upplýsingar um allar þekktar minjar innan deiliskipulagsreitsins. Í lokakafla hennar er umfjöllun um fornleifar innan deiliskipulagsmarka og helstu niðurstöður úttektarinnar. Aftast í skýrslunni er að finna heimildaskrá, hnitaskrá yfir alla minjastaði og kort sem sýna rannsóknarsvæðið og þær fornleifar sem fundust innan þess.

3 Sjá Guðrún Alda Gísladóttir, 2002.

2. Saga fornleifaskráningar og löggjöf

Hátt á aðra öld er liðið síðan skráning fornleifa hófst á Íslandi en þó er enn langt í land að til sé heildstæð skrá um fornleifar á Íslandi. Á síðustu áratugum 19. aldar voru margir minjastaðir kannaðir á vegum Hins íslenska fornleifafélags, einkum staðir sem á einn eða annan hátt tengdust fornsögum og sögu þjóðveldisins. Eftir aldamótin 1900 dró úr fornleifakönnun á vegum félagsins og var þráðurinn ekki tekinn upp að nýju fyrr en um og eftir 1980.

Skoðanir manna á því hvað teljast fornleifar hafa breyst mikið á þessum tíma. Byggingar sem voru hversdagslegar fyrir hundrað árum eru nú orðnar minjar um horfna lífshætti. Skilningur hefur vaknað á nauðsyn þess að skrá upplýsingar um slíkar minjar og vernda þær fáu sem eftir eru fyrir komandi kynslóðir. Nauðsynlegra upplýsinga um gerð og ástand fornleifa er aðeins hægt að afla með vettvangsathugun, og við það er venjulega átt með hugtakinu fornleifaskráning (ýmist aðal- eða deiliskráning). Til þess að vettvangsathugun komi að fullu gagni verður þó fyrst að taka saman ýmsar upplýsingar, bæði skriflegar og munnlegar, sem vísa á minjastaði og geta gefið vísbendingar um hlutverk mannvirkjaleifanna (svæðisskráning).

Á undanförunum árum hafa verið gerðar breytingar á löggjöf um verndun fornleifa og hefur eftirlit með framkvæmd laganna verið aukið. Samkvæmt 3. grein laga um menningarminjar (nr. 80, 2012), eru allar fornleifar á Íslandi friðhelgar: „Fornleifum, [...] jafnt þeim sem eru friðlýstar sem þjóðminjar og þeim sem njóta friðunar í krafti aldurs, má enginn, hvorki landeigandi, ábúandi, framkvæmdaraðili né nokkur annar, spilla, granda eða breyta, hylja, laga, aflaga eða flytja úr stað [...]“. Er þessi fornleifakönnun í anda markmiða sem sett hafa verið með þessari löggjöf. Mat á áhrifum framkvæmda á fornleifar gerir kröfur um fjölbætta athugun á heimildum og vettvangsrannsókn, enda er skilgreining á fornleifum í þjóðminjalögum víðtæk. Fornleifar teljast hvers kyns mannvistarleifar, á landi, í jörðu, í jökli, sjó eða vatni, sem menn hafa gert eða mannaverk eru á og eru 100 ára og eldri, svo sem:

- a. búsetulandslag, skrudgarðar og kirkjugarðar, byggðaleifar, bæjarstæði og bæjarleifar ásamt tilheyrandi leifum mannvirkja og öskuhauga, húsaleifar hvers kyns, svo sem leifar kirkna, bænhúsa, klaustra, þingstaða og búða, leifar af verbúðum, naustum og verslunarstöðum og byggðaleifar í hellum og skútum,
- b. vinnustaðir þar sem aflað var fanga, svo sem leifar af seljum, verstöðvum, bólum, mógröfum, kolagröfum og rauðablæstri,
- c. tún- og akurgerði, leifar rétta, áveitumannvirki og aðrar ræktunarminjar, svo og leifar eftir veiðar til sjávar og sveita,
- d. vegir og götur, leifar af stíflum, leifar af brúm og öðrum samgöngumannvirkjum, vöð, varir, leifar hafnarmannvirkja og bátalægi, slippir, ferjustaðir, kláfar, vörður og önnur vega- og siglingamerki ásamt kennileitum þeirra,
- e. virki og skansar og leifar af öðrum varnarmannvirkjum,

- f. þingstaðir, meintir hörðar, hof og vé, brunnar, uppsprettur, álagablettir og aðrir staðir og kennileiti sem tengjast siðum, venjum, þjóðtrú eða þjóðsagnahefð,
- g. áletranir, myndir eða önnur verksummerki af manna völdum í hellum eða skútum, á klettum, klöppum eða jarðföstum steinum og minningarmörk í kirkjugörðum,
- h. haugar, dysjar og aðrir greftrunarstaðir úr heiðnum eða kristnum sið,
- i. skipsflök eða hlutar þeirra.

Minjar 100 ára og eldri teljast til fornleifa, en heimilt er þó að friðlýsa yngri minjar.

Það er skýrt af þessari skilgreiningu að fornleifar eru ekki aðeins öll mannvirki heldur einnig staðir sem á einn eða annan hátt tengjast menningu og atvinnuvegum, hvort heldur sem er vöð eða álagablettir. Þessari skilgreiningu er fylgt við hefðbundna fornleifaskráningu.

Við deiliskráningu sem gerð er í tengslum við deiliskipulög koma oft áður óþekktar minjar í ljós. Að auki geta minjar sem sjást ekki eða illa á yfirborði komið í ljóst við framkvæmdir. Fornleifar eru þess eðlis að seint verður skorið úr með fullri vissu að við tiltekna framkvæmd sé engin hætt á að áður óþekktar minjar finnist við jarðrask. Ef slíkar minjar koma í ljós, eða ef nauðsynlegt er talið að spilla fornleifum eða hylja þær, þarf að leita heimildar Minjastofnunar Íslands.

Ef mannvistarleifar sem falla undir ofangreinda skilgreiningu finnast á fyrirhuguðu framkvæmdasvæði, þá þarf að leita heimildar til að hreyfa við þeim. Í 24. gr. laga um menningarminjar segir m.a.: „Finnist fornminjar sem áður voru ókunnar, t.d. undir yfirborði jarðar, sjávar, vatns eða í jökli, skal skýra Minjastofnun Íslands frá fundinum svo fljótt sem unnt er. Sama skylda hvílir á landeiganda og ábúanda er þeir fá vitneskju um fundinn. Ef fornminjar sem áður voru ókunnar finnast við framkvæmd verks skal sá sem fyrir því stendur stöðva framkvæmd án tafar. Skal Minjastofnun Íslands láta framkvæma vettvangskönnun umsvifalaust svo skera megi úr um eðli og umfang fundarins. Stofnuninni er skylt að ákveða svo fljótt sem auðið er hvort verki megi fram halda og með hvaða skilmálum. Óheimilt er að halda framkvæmdum áfram nema með skriflegu leyfi Minjastofnunar Íslands.“ Komi til björgunargraftar vegna framkvæmda, ber framkvæmdaaðili þann kostnað sem af því hlýst.

3. Aðferðir við fornleifaskráningu

Í skráningarkerfi Fornleifastofnunar hefur hver sýsla skammstafað heiti (ÁR, SP o.s.frv.) og hver jörð hefur þriggja stafa númer. Miðað er við jarðaskiptingu eins og hún kemur fyrir í Jarðatali Johnsens frá 1847 og byggir tölusetning jarðanna á því. Skipting jarða um miðja 19. öld ræður ekki aðeins númerum í skránni heldur er miðað við hana þegar ákvarðað er hvaða jörð ákveðnir minjastaðir tilheyra. Hverjum minjastað er gefin kennitala sem er þriggja stafa númer sem hengt er við sýslutákn og jarðarnúmer (dæmi: RA-255:001). Ef fleiri fornleifar eru á minjastað bætist einingannúmer aftan við (dæmi: RA-255:001_1). Í skýrslunni eru aðeins birtar upplýsingar um minjar sem eru innan deiliskráningarsvæðisins, af þeim sökum er númeraröðin ekki samfelld.

Í skránni fær hver minjastaður eina efnisgrein og er framsetning upplýsinganna stöðluð. Í fyrstu línu hverrar greinar eru grunnupplýsingar; auðkennisnúmer, sérheiti, tegund, hlutverk og hnattstaða. Á eftir auðkennisnúmeri kemur sérheiti hennar ef eitthvert er og síðan tegund. Með tegundarflokkun er leitast við að skilgreina hvers eðlis fornleifin er, þ.e. hvort um er að ræða mannvirki af einhverju tagi sem enn sést, og þá hverskyns (t.d. tóft, garðlag eða varða), mannvirki sem vitað er um en er horfið (heimild, örnefni) eða fornleif sem ekki hefur verið mannvirki (álagablettur, sögustaður eða vað). Allir fornleifastaðir eru greindir til tegundar en hlutverk þeirra er ekki alltaf hægt að ákvarða.

Númer jarðar í Jarðatali Johnsens: SF-175:009

Númer fornleifar á tiltekinni jörð: Sveinshlaða

Sérheiti: tóft

Tegund: hlaða

Hlutverk: (empty)

Hnattstaða í landshnitakerfi ISN93: E: 528751 N: 352323

Sýslutákn: (empty)

Ljósmynd af minjastað og uppmæling/teikning: (empty)

Á túnakorti frá 1920 og bæjarteikningu danskra mælingamanna frá 1904 er sýnt útihús í túnjaðri um 210 m norðan við eldra bæjarstæði 001 og 80 m norðvestan við yngra bæjarstæði 003. Á þeim stað er stæðileg hlöðutóft sem nefnist Sveinshlaða og samtengt eða eldra mannvirki norðvestan við hana. Sveinshlaða er 16 m suðvestan við miðlínu Skaftártunguvegar (208) þar sem fyrirhugaðar eru framkvæmdir og telst því í stórhættu vegna vegagerðar. Tóftin er í túnjaðri fast suðvestan við Skaftártunguveg (208). Túnið er í allmiklum halla til suðvesturs.

Heildarstærð tóftarinnar er 23x14 m og snýr hún norðvestur-suðaustur. Í suðausturhluta hennar er Sveinshlaða sem er 15x13 m að stærð og snýr norðvestur-suðaustur. Hún er 5x6 m að innanmáli og snýr norðaustur-suðvestur. Hlaðan er niðurgrafin um 1 m og eru veggir hennar um 2 m á hæð innanmáls. Norðvestan við hlöðuna er annað hölf eða annað mannvirki og er það torfhlaðið. Það er þríhyrningslaga og er 9x6 m að innanmáli, mjókkar til norðvesturs. Op virðist vera inn í það í suðurhorni. Veggir þess eru 0,3-0,4 m á hæð og 2-2,5 m á breidd en veggir hlöðunnar eru 4-5 m á breidd. Hólfir virðast vera samtengd en hlaðan er mun yngri að sjá en hólfir norðvestan við hana. Nokkur hólmyndun er undir norðvesturhluta tóftarinnar og ljóst að mannvirki hafa verið á þessum stað í langan tíma.

Hættumat: stórhætta, vegna vegagerðar

Heimildir: Túnakort 1920

Hætta sem stöðjar að fornleif

Heimild sem vísað er í, nánari færsla í heimildaskrá

Dæmi um framsetningu á minjastað í skýrslum Fornleifastofnunar Íslands.

Á eftir hlutverki kemur hnattstaða minjastaðarins. Mæling hnattstöðu er gerð með GPS staðsetningartækjum af gerðinni Trimble Geoexplorer 6000 (ISN93) og er annars vegar mældur punktur með kennitölu í miðju hvers minjastaðar og hins vegar voru allir minjastaðir uppmældir. Samkvæmt lögum hafa allar fornleifar 15 m friðhelgað svæði frá ystu mörkum minjastaðarins en friðlýstar fornleifar 100 m friðhelgi. Þar sem getur um „heimild um...“ t.d. útihús, þá er átt við að eingöngu eru til heimildir um staðinn en minjar hafa ekki fundist á vettvangi við skrásetningu. Þótt engar minjar hafi fundist, er engu að síður tekin hnattstaða staðarins ef unnt hefur verið að ákvarða hann á grundvelli fyrirliggjandi upplýsinga með 50 metra fráviki eða minna.

Í annarri línu hefst lýsing minjastaðar oftast á tilvitnun í fyrirliggjandi heimildir en síðan er staðsetningu hans lýst. Þar á eftir kemur oft lýsing á aðstæðum og síðast lýsing á mannvirkinu sjálfu ásamt öðrum upplýsingum sem við eiga.

Í næstsíðustu línu er lagt mat á þá hættu sem minjastaðurinn kann að vera í. Á vettvangi var notast við þá vinnureglu að skilgreina fundnar minjar innan marka áhrifsvæðis „stórhættu vegna trjáræktar“. Rétt er að geta þess að í hættumati er ekki fólgið neins konar mat á gildi minjastaða. Það er þó ljóst að hægt ætti að vera að hlífa minjastöðunum sé tillit tekið til staðsetningu þeirra á deiliskipulagsstigi. Í síðustu línu er getið heimilda ef einhverjar eru, oft með skammstöfunum, en úr þeim er leyst í heimildaskrá aftast í skýrslunni.

4. Fornleifaskrá

ÁR-219 Kaldaðarnes

1686: Jarðardýrleiki 60 hdr. Björn Lárusson, 104.

1709: Jarðardýrleiki óviss. Kirkjustaður. Skálholtsstólsjörð. Kvaðir: Mannslán til skiparóðurs um vertíð, hestlán og dagsláttur eins og á öðrum stólsjörðum en hefur ekki goldist í 66 ár [eða frá 1643]. Hjáleigur: Höskuldsstaðir [ÁR-221], Mosastaðir [ÁR-221], Magnús fjós [ÁR-222], Valdastaðir [ÁR-223], Móakot [ÁR-224], Hreiðurborg [ÁR-225], Miðhús [ÁR-226], Lambastaðahjáleiga og Stöðulkot. Slægjur í hagamári lánar presturinn af “einbera góðvilja” stundum litlar og stundum engar en áskilur sér ekkert fyrir. JÁM II, 92-96.

Kaldaðarnes er getið í Flóamanna sögu [Líklega rituð um 1300], þegar sagt er frá að Þorgils reið eitt sinn til Flóagafis, og sat fyrir Skafta óvini sínum “í hrísnum nokkrum” nálægt Kallaðarnesi, en Skafti sá það frá ferjustaðnum og sneri við. ÍF XIII, 315.

Jörðin kemur nokkrum sinnum fyrir í Sturlungu þá Gissur Þorvaldsson dvaldi þar stundum. Sturl. I, 477, 524.

1200: Kirknaskrá Páls biskups Jónssonar frá um 1200. DI XII, 8.

1200: Máldagi um ferju yfir Ölfusá frá því um 1200 [sjá ferjumáldagann hjá Kotferju ÁR-218:003]. DI I, 320.

1397: Vilkinsmáldagi. DI IV, 54-55.

1446: Krossinum í Kaldaðarnesi er heitið fé í testamentisbréfi. DI IV, 676.

1470: Testamentisbréf Einars bónda Ormssonar, Loftssonar ens ríka: “Gief eg krossenum j Kalladarnese kugillde.” DI V, 569.

1484: Kaldaðarnes getið í kvittunarbréfi. DI VI, 515.

1504: Stefán biskup í Skálholti kvittar að Nikulás Þorgilsson smiður hafi “giort oss fulla nægiu sem oss vel likar fyrir landskyllder oc leigur vt af kalldaðarnesi a medan hann hefer haft til leigu oc medferdar greindan stad j kalladarnesi. suo oc somuleidis hefer hann giort oss reikningsskap af þui gíafafe sem þar hefer til gefitz sidan hann kom til stadarins...” DI VII, 696.

1520: Þann 2. September er innsigluð sala jarðarinnar Tannastaða í Ölfusi í kirkjunni í Kaldaðarnesi í votta viðurvist. DI VIII, 748.

1531: Testamentisbréf Ingu Jónsdóttur konu Teits Þorleifssonar. Í bréfinu eru taldar upp ölmusur og gjafir sem hún gefur til að sál hins framlíðna eiginmanns megi “fordaz eilifar pinur og koma fyr til fridar salunne og endalaus fagnadar med gude og hans voldum monnum j himerike...krossinum j kalladarnesi iij j godum peningum.” DI IX, 590-591.

1547: Svokallað “Umburðabréf” Gizurar biskups um líkneski og þá sérstaklega þá skurðgoðadýrkun sem fram fer í kringum róðukrossinn í Kallaðarnesi [sjá betur þar sem fjallað er um krossinn helga, sem var á Krossbakka]. DI XI, 531-2.

1570 er kirkjan talin upp í Gíslamáldaga. DI XV, 655-546.

1839: Í Kaldaðarneshverfi er höfuðjörðin Kaldaðarnes. Þar er kirkja, spítali og allreisuleg bygging.” Auk þess er ferjustaður í Kaldaðarnesi en ekki lögboðinn. Óviss er dýrleiki allra bæjanna í Kaldaðarneshverfinu: Lambastaða, Valdastaða, Móakots, Miðhúss, Kálfhaga, Mosastaða, Magnús fjósa, Höskuldsstaða og Kotferju. SSÁ, 65.

1905: Svo leggur Brynjúlfur Jónsson út af bæjarnafninu í Árbók 1905 (bls. 18-19): “Svo segir í Landnámu “Þórir, son Ása hersis Ingaldssonar, Hróaldssonar, fór til Íslands ok nam Kaldnesingahrepp allan upop frá Fyllarlæk ok bjó at Selfossi.” Nafnið “Kaldnesingahreppur” er leitt af bæjarnafninu Kaldaðarnes. En það

bæjarnafn er eigi auðskilið, og hefur verið reynt að skýra það á fleiri en einn veg. Svo segja munnmæli, að í fornöld hafi áin verið svo mjó á svæðinu milli Kaldaðarnes og Arnarbælis, að þar hafi mátt kallast á yfir um hana, og af því hafi bærinn fengið nafnið Kallanarnes, en svo hafi an- breytt í að-, - að sínu leyti eins og Finnur er stundum breytt í Fiðr, - og þannig orðið Kallaðarnes; þá hafi og Kall- breytt í orðið Kaldaðarnes. Er þessi skýring víst elst og almennust. Og það er nú ekki ólíklegt, að fyrrum hafi áin verið miklu mjórri, - og að því skapi dýpri, - en hún er nú, á þessu svæði og lengra ofan eftir...Önnur skýring er sú, að "kallaðr" hafi verið viðurnefni manns, er bærinn hafi haft nafn af, - og þá breytt eins að sínu leyti. En orðið "kallaðr" er þó ekki vel líklegt til að vera viðurnefni manns. Þriðja skýringin er, að bærinn sé kendur við mann, er hafi heitið keltnesku nafni, t.a.m. Kallan eða Kaltan, en að endingin -an hafi svo breytt í -aðr (eins og Duncan í Dungaðr). Við þá skýringu felli eg mig einna bezt...Ekki sést nú á dögum hvernig endingin -nes er til komin. Líklegast þykir mér, að upphaflega sé meint nesið, sem myndast hefir milli árinna og Fyllarlækjar, þó það hafi náð langt úteftir, því gat samt verið haldið svo langt upp með ánni, að bærinn gæti haft nafn af því."

1907: Í Árbók 1907 (bls. 33-34) heldur Brynjúlfur áfram að leggja út af bæjarnafninu: "Nú hefir dr. Björn M. Ólsen sýnt mér þá vinsemd að skrifa mér um það mál...Leiðir hann nafnið af ferjukallan...og bendir á frásögn Flóamannasögu um ferju nær Kallaðarnesi...Til þess þarf samt: að hugsa sér ferjustaðinn nokkuð utarlega við nesið mikla, sem þá hefir verið milli árinna og Fyllarlækjar, og að hugsa sér ferjuna komna á þegar á landnámstíð, áður en nesinu hafði verið gefið ákveðið nafn. Þá gat ferjukallan verið tíðkuð á einhverjum vissum stað svo utarlega á nesinu, að allur framhluti þess yrði kendur við hana...Bærinn gat verið settur í "Kallanarnesið" þegar á landnámstíð og þó verið settur þar sem hann er. Og varla getur það verið vafamál, að þegar á landnámstíð hefir hann verið bygður. Svo gott og víðáttumikið land gat ekki staðið lengi óbyggt. En áður en honum var gefið nafnið, urðu skilyrðin fyrir nafninu að vera komin."

1923: Útleggingar Hannesar Þorsteinssonar af bæjarnafninu (Árbók 1923, 23): "Kallaðar- er hið upphaflega nafn, sbr. Ln., Flóamannasögu og víðar, en breyttist snemma í Kaldaðarnes. Þar í sveit nú optast borið fram Kaldarnes eða Kaldanes."

"Kaldaðarnes er vestasta jörðin í Sandvíkurhreppi og var hún með hjáleigum sínum öllum langstærsta jörðin í hreppnum um 1.700 ha. Kaldaðarnes mun ein elsta jörð sveitarinnar því við það kennist hreppurinn fyrst og nefnist Kaldnesingarhreppur. Nafnið telja flestir afbökun úr "Kallaðarnes", en á jörðinni var ferja á móts við Arnarbæli og kölluðu menn þar ferju á Ölfusá. Ágætir höfðingjar sátu staðinn snemma. Fyrstur til frægðar þar er Einar Grímsson, tengdafaðir Hrafns Sveinbjarnarsonar á Eyri. Hélt hann staðinn um 1200 en Haukdælir virðast hafa staðarforráð á 13. öld. Gissur Þorvaldsson sat þar veturinn 1252 "og hafði fjölmennt um sig." Eftir Flugumýrabrennu fór Gissur utan og kom út aftur á Eyrum sumarið 1258. Hann setti þá bú í Kallaðarnesi "og hafði rausn mikla í búi," segir Sturlunga ... Kallaðarnes hefir verið kirkjujörð lengst af sögu sinnar. Sátu prestar þar nokkuð reglulega frá því um 1600 en stundum var þó Kallaðarnes annexía frá Laugardælum. Frá 1636-1733 sátu staðinn feðgarnir og prestarnir Álfur Jónsson, Gísli Jónsson og Álfur Gíslason en niðjar þeirra sátu svo jörðina í nokkur ár. Fluttist þá prestsetrið fyrst að Kálfhaga en síðan að Flóagafli og svo aftur að Kálfhaga þar sem prestar sátu síðan ... Í Kallaðarnessókn sátu svonefndir þingaprestar og áttu þeir ekki eindreginn seturétt á sjálfum Kallaðarnesstað. Hann var ætlaður til annars. Í Kallaðarnesi var spítali 1754 til um 1840. Þá sátu spítalahaldarar jörðina. Þá tóku við umboðsmenn þar til jörðin komst í eigu Sigurðar Ólafssonar sýslumanns 1891. Jörðin var í einkaeign til 1940 en þá eignaðist ríkið hana. Árið 1948 komst jörðin aftur í einkaeign. SB II, 326-328.

"Rekja má ferjuna á jörðinni [Kotferju] allt til aldamótanna 1200 en frá þeim tíma eru svonefndur Ferjumáldagi á Ölfusá. Skálholtsstaður fékk einkarétt til ferju yfir ána á þessum slóðum og hafði samkvæmt máldaganum tvær ferjur, hina efri og hina neðri. Sú neðri var heima í Kallaðarnesi yfir að Arnarbæli, hin efri mun hafa verið Kotferja og var þá ferjað yfir í Kirkjuferjuland." SB II, 333.

Vegna flugvallarins varð Kallaðarnes hernaðarleg mikilvægur staður í stríðinu og var breska hernámsliðið þegar komið að Kallaðarnesi fyrsta dag hernámsins 10. maí 1940. Fyrsta landing var árið 1930 á Kallaðarnesflötum sem voru marflatir bakkar áður en flugvallagerðin hófst í stríðinu. Ó-Kallaðarnes, 11.

Túnakort 1917: Tún 9,2 ha., þar af 7/8 sléttað, nýyrkja 13,1 ha., öll slétt. Matjurtagarðar 3384 m². Stærð þriggja hjáleigutúna, Lambastaða, Valdastaða og Móakots 2 ha. samtals, þar af allt slétt.

1709: "Túninu grandar Ölvessá í leysingum og vatnaágangi á vetrum, þegar áin ryður sig og hana stíflar þar á ofan, hleypur hún að kalla þvert úr farveginum yfir landið bæði á þetta tún og önnur hjer nærliggjandi í hverfinu og bera á þau sand og mjól og grjótt, og fordjarfar grasrótina allvíða með stórjökum,

sem þetta flóð spýtir fram. Hjer fyrir utan grefur áin sig undir jörðina og spýtir upp stórum jarðflettum, og er so mikið bragð að þessu, að þar koma neðan úr jörðinni með þessu vatni jakar ofan úr Ölvessá (eftir því sem menn meina), og hefur þetta margoft til borið í næstliðin 36 ár, en þó helst á því hlje orðið nú í næstiðin 8 ár. Enginu grandar sami ágangur úr Ölvessá með grjóts-, sands- og jakaburði, sem allvíða spillir rötinni. Vetrarríki er mikið og nærri óbærilegt, þegar áin hleypur yfir landið, so þá hefur engin skepna björg af jörðu, því eitt svell leggur yfir allt landið, það sem menn kunna til að ná. Hætt er kvikfje fyrir holpyttum, sem að aukist hafa og aukast, sjerdeilis síðan jarðskjálftinn stóri skeði anno 1706, sem að bæði hjer og annarstaðar sprengdi jörð, feldi hús og skekti, og grandaði með því móti bæði mönnum og kvikfje.” Eggver og dúntekja var áður í litlum mæli í hólma einum í Ölfusá en hafði legið niðri í nokkur ár. JÁM II, 93-94. Í lok kaflans um Kaldaðarneshverfið í jarðabók Árna og Páls, er komist svo að orði um ágang Ölfusár: “Alt þetta hverfi, heimastaðurinn, kirkjujarðirnar báðar og hjáleigurnar allar nema Hreiðurborg [ÁR-225] liggja undir voveiflegri hættu og hræðilegum háska á vetur fyrir Ölvessá í vatnagangi og brádaleysingum, þegar áin setur í sig stíflu gagnvart eður fyrir neðan bæina, og hleypur þá alt ármegnið (sem er þó eitt með þeim stærstu vatnsföllum hjer á landinu) alt í kríngum bæina með so skelfilegum jakaburði, að ekki er annað sýnilegra fyrir mannlegum augum, en bæina kunni í burt að taka alla í þessu þorpi nema heimastaðinn og Kálfhaga [ÁR-227], rennur og so vatnið inn í bæina, so menn geta með öngvu móti varið, og þar til heygarða, fjós og önnur úthýsi. En þó hefur alt til þessa hjer af enginn skaði, sem merkilegur sje, orðið á lífi manna nje fjenaðar. Þó hafa oftlega hey af þessu vatni fordjarfast innangarða, eru og dæmi til, að þau hafi upplfotið innangarðs og úr stað færst og setst annarstaðar, þá vatnið hefur niður hlaupið. Heimastaðirns fjós hefur verið fært undan þessum árgangi á eina hjáleigu sem áður segir, þegar áin hafði brotið x faðma lánngan vegg af heygarðinum, var þá og kominn so mikill farvegur af ánni millum fjóss og bæjar, að ófært var á hestum fyrir vatnsmegni og so á skipum fyrir straum og jakaburði. Það ber og oft við, þegar þessi flóð koma, að í viku, hálfan mánuð eður þrjár vikur, jafnvel mánuð, komast menn hvergi í burtu úr hverfinu nje í millum bæjanna nema so vilji til að frost komi so skarpt, að menn fái gengið eður riðið ís yfir þetta vatnsflóð.” JÁM II, 99-100.

“Gæði jarðarinnar liggja hvað mest í viðáttumiklum og grösugum slægjulöndum í Straumnesi er skagar út í Ölfusá þar sem hún þverstefnir til suðurs. Í Kaldaðarnestúni vestanverðu, rétt við ána stendur höfuðbólið og var áður umgirt af hjáleigum er mynduðu eitt mikið og samfelld tún. Þar fyrir austan kemur beutiland sunnan til á jörðinni og nær allt austur fyrir Eyrarbakkaveg en sandorpið hraun er hið efra, allt upp að ánni. Kaldaðarnesland er marflatt nema hinir síðast töldu flákar og bæjarhólarnir í Kaldaðarnesi og Kálfhaga...Hlunnindi fylgdu Kaldaðarnesstað frá fornu fari [sjá um ítök kirkjunnar ÁR-219:002, en þau lágu víða í slægjum, beutilandi og skipstöðum] ...Engu þessara ítaka ern nú haldið til haga en Kaldaðarnes varð á 19. öldinni frægt fyrir einmuna gott slægjuland sem leigt var Eyrbekkingum og næstu ábúendum. Slægjulaun voru þau að koma þriðja hverjum hesti þurrum í heygarð í Kaldaðarnesi en fjórða hverjum ef slægjur voru lakari...” SB II, 328.

ÁR-219:013 *Varðskúr* mannvirki herminjar Herminjar: “Á Kotferjuflötum miðjum er svonefndur Varðskúr, steinkofi þaklaus frá stríðsárunum og er þar nú afdrep fyrir fé og hross,” segir í örnefnaskrá. “Þar var [Kotferjuflötum] steypdur öflugur, tveggja hæða varðturn, þar sem varðmenn voru lengi á verði og gættu sprengjuburgjanna vestur í Hraknesi,” segir í bókinni Styrjaldarárin á Suðurlandi. Varðskúr er um 560 m austan við Prestvörðu 015 og um 3,1 km austan við bæ 001. Skúrinn er fallinn og veggir sjást liggja í jörðu.

Gróið, smáþyft tún sem er í órækt, Sina og mosi eru áberandi.

Varðskúrinn er fallinn. Steinsteypdir veggir sjást liggja í túninu og til norðurs er dæld í túninu. Erfitt er að áætla stærð kofans sökum mikils mosa sem er yfir honum.

Hættumat: stórhætta, vegna trjáræktar

Heimildir: Ö-Kaldaðarnes, 1; Guðmundur Kristinsson, 45-46.

A 397254 N 382126



Varðskúr ÁR-219:013, horft til norðurs.

ÁR-219:014 tóft fjárskýli


A 395840 N 382114

Tóft er skammt sunnan við bakka Ölfusár, tæpum 1,7 km austan við bæ 001 og rúnum 850 m vestan við Prestvörðu 015. Hún er á grónum bala, austan við ræktuð tún, líklega austasta hluta svokallaðra Heimriflata. Staðsetning og lag tóftar bendir einna helst til að hún sé fjárskýli eða rétt.

Tóftin er á óblásnu og óróskuðu svæði innan sandgræðslugirðingarinnar. Sunnar og austar er blásið svæði sem gróið hefur upp á síðustu áratugum. Rof í gróðurþekjunni er skammt austan við tóftina.



Tóft ÁR-219:014, horft til ANA.



Uppmæling af tóft ÁR-219:014.

Tóftin er um 7x7 m í þvermál og er hringlaga. Veggirnir eru algrónir, 0,2-0,3 m á hæð og 2 m á breidd. Tóftin er sigin og sést illa fyrir en að henni er komið. Op er til SSA og skammt sunnar er gróin brún, annað hvort eftir læk eða uppblástur.

Hættumat: stórhætta, vegna trjáræktar

Heimildir: Ö-Kaldaðarnes, 3

ÁR-219:015 *Prestvarða* heimild um samgöngubót

A 396702 N 382184



Grjótdreif ÁR-219:015_1 er syðst á holtinu sem varðan var á.

“...Hrakneshraun nokkuð hærra og ber þar hæst flatt klapparholt. Þar er Prestvarða skammt frá götunum eða aðeins norðan þeirra. Prestvarða var mannhæðarhá, hlaðin upp og haldið við af Kaldaðarnesprestum til þess að leiðbeina mönnum í sandbyljum sem þarna hafa jafnan geisað. létu menn sér annst um að hressa hana við allt fram á hin síðari ár, t.d. lét Sigurður sýslumaður Ólafsson hlaða hana upp á efri árum sínum. Loks var varðan alveg rifin á setliðsárunum og notuð í framkvæmdir úti í Kaldaðarnesi. Mátti hún heita flestum gleymd, uns þeir bræður Ísleifur og Ásmundur Hannessynir vísuðu til hennar og endurreistu hana sumarið 1960,” segir í örnefnaskrá. Prestvarða er um 2,5 km austan við bæ 001 og var skammt norðan við leið ÁR-651:003. Ekki er ljóst hversu umfangsmikil endurgerð vörðunnar var árið 1960 en nú (árið 2021) er engin varða á fyrrnefndu

klapparholti. Holtið sést enn og líkt og segir í örnefnalýsingu er það hæsti hluti Hrakneshrauns.

Uppblásið, sendið hraun. Víða eru hraunhellur og lausir steinar á holtinu. Gróin sandhólar hafa myndast víða innan sandgræðslugirðingarinnar á síðustu árum og melgresi er í þeim.

Ekki er ljóst hvar Prestvarða var staðsett á klapparholtinu né hvort að hún var endurreist í sömu mynd og áður. Á miðju holtinu er stór fuglaþúfa og ekkert grjót. Skammt sunnar, í jaðri holtsins er grótdreif á klettahrygg en ekki er hægt að greina hlaðin umför þar. Hnit var tekið á báðum þessum stöðum.

Hættumat: stórhætta, vegna trjáræktar

Heimildir: Ö-Kaldaðarnes, 4

ÁR-219:017 *Veituskörð* þjóðsaga draugur
“...upp við ána í norðvestur af Hestaþingshól eru Veituskörð og skáru í sundur austasta ranann af Heimriflötum. Í Veituskörðum þótti áður þrælreimt þó ekki séu kunnar þaðan. Þar um lá alfaraleið frá Kaldaðarnesi austur í hrepp og greindist litlu austar í tvennt [sjá ÁR-651:003 og 004],” segir í örnefnaskrá. Veituskörð er deiglendur farvegur sem Ölfusá rennur gjarnan að hluta í þegar hún flæðir yfir bakka sína.

Til austurs er uppblásið svæði en svokallaðar Heimriflatir eru til vesturs og suðurs. Þær eru óblásið graslendi.

Hættumat: engin hættu

Heimildir: Ö-Kaldaðarnes, 5

A 395925 N 381904



Veituskörð ÁR-219:017, horft til suðurs.

ÁR-219:051 heimild varnargarður

A 394825 N 382314

„Fyrir núverandi byggð í Kallaðarneshverfi er flóðhætta þessi miklu fyrirbyggð. Nýlátni ábúandinn í Kallaðarnesi, Sigurður Ólafsson fyrrverandi sýslumaður byggði (nálægt aldamótunum 1900) öfluga flóðgarða á bökkunum þar sem mest var flæðihætta,“ segir í grein Vigfúsar Guðmundssonar, Ölfusá, sem birtist í Árbók hins íslenska fornleifafélags árið 1927.

Varnargarðurinn, þ.e. sa hluti sem var innan deiliskráningarreitsins er horfinn, líklega vegna ágangs árinna.

Engin ummerki um varnargarðinn sjást á yfirborði.

Hættumat: hættu, vegna landbrots

Heimildir: Vigfús Guðmundsson, 39 nm.

ÁR-219:055 heimild malarnáma

A 397203 N 381691

“Ekki eru malarnámur í Sandvíkurhreppi en eitthvað mun þó hafa verið tekið í vegi á Kotferjuflötum í upphafi vegagerðar á þessari öld.” segir í Sunnlenskum byggðum. Malarnámurnar eru austalega í landi Kaldaðarness, við landamerki Stóru-Sandvíkur. Veglóði að Kotferju liggur þar við. Staðurinn er meira en 100 ára og telst því til fornleifa.

Ummerki um efnistöku sjást ekki enda ekki um gryfjur að ræða. Hraunið virðist hafa verið brotið niður og borið burtu. Skýr brún í gróðurfari sést skammt vestan við veginn að Kotferju og malarnámið var að öllum líkindum þar. Svæðið er mosavaxið og hefur aukist síðustu áratugi.

Öll ummerki um námurnar eru horfin af yfirborði.

Hættumat: stórhætta, vegna trjáræktar

Heimildir: SB II, 296

ÁR-651 Fornleifar á fleiri en einni jörð; Sandvíkurhreppur

ÁR-651:003 heimild leið

A 395136 N 382177

Alfaraleið frá Kaldaðarnesi: “Í Veituskörðum [ÁR-219:017] þótti áður þrælreimt þó ekki séu kunnar sögur þaðan. Þar um lá alfaraleið frá Kaldaðarnesi austur í hrepp og greindist litlu austar í tvennt,” segir í örnefnaskrá. Leiðin sést á Herforingjaráðskorti frá 1909. Þar liggur hún til austurs frá heimatúni Kaldaðarness ÁR-219, greinist fljótlega í tvennt (sjá 004) og áfram að Kotferju ÁR-218 og að Selfossi ÁR-217.

Uppblásið og sendið hraun.

Öll ummerki leiðarinnar eru horfin af yfirborði.

Hættumat: hætta, vegna vegagerðar

Heimildir: Ö-Kaldaðarnes, 5; Hkort 37 SA 1909 1:50000

ÁR-651:004 heimild leið

A 397071 N 381523

Alfaraleið frá Kaldaðarnesi: “Kotferjuflatir voru taldar enda í suðri... Taka nú við af Kotferjuflötum svonefndar Efriflatir og liggja meðfram Sandgræðslugirðingunni og þó nokkuð suður af henni. Um Efriflatir liggur þjóðvegurinn fyrst um Kaldaðarnesland. Frá honum greinist akfær vegarslóði um Kotferju og upp að á, nefnist hann Kotferjubraut en þar sem brautin byrjar við þjóðveginn heitir Vegarendi. Þangað náði Kaldaðarnesvegur fram að stríðsbyrjun og var ekið torðnar slóðir eftir klöppunum við Vegarenda og Efriflötum áleiðis til Kaldaðarness. [...] Í Veituskörðum [ÁR-219:017] þótti áður þrælreimt þó ekki séu kunnar sögur þaðan. Þar um lá alfaraleið frá Kaldaðarnesi austur í hrepp og greindist litlu austar í tvennt: Var efri leiðin [sjá 003] um Hrakneshraun og Prestvörðu [ÁR-219:015] að Kotferju og Selfoss [...] hin syðri lá gegnum Lághraun á Vegarenda og þaðan að Sandvík,” segir í örnefnaskrá Kaldaðarness ÁR-219. Leiðin sést á Herföngjaráðskorti frá 1909.

Svæðið er sendið enda var uppblástur mikill á þessum slóðum.

Engin ummerki um leiðina sjást á yfirborði.

Hættumat: engin hætta

Heimildir: Ö-Kaldaðarnes, 3, 5; Hkort 37 SA 1909 1:50000

5. Helstu niðurstöður

Saga jarðarinnar er mjög löng og gæði hennar, stærð og saga benda til þess að hún sé ein af elstu landnámsjörðum svæðisins. Kaldaðarness er víða getið í fornum heimildum. Hennar er fyrst getið í Kirknaskrá Páls sem skrifuð er um 1200 og er getið Flóamanna sögu [líklega rituð um 1300]. Jörðin kemur einnig nokkrum sinnum fyrir í Sturlungu. Jarðarinnar er víða getið í íslensku fornbréfasafni, aðallega í máldögum kirkjunnar, ferjunnar sem og í tengslum við krossinn helga sem var staðsettur á bökkum Ölfusár. Með hjáleigum sínum var Kaldaðarnes langstærsta jörðin í hreppnum, yfir 1700 ha að stærð og 60 hdr að dýrleika, og mun vera ein elsta jörð í Sandvíkurhreppi sem kallaðist áður Kaldnesingahreppur.



Sendið uppblásturssvæði er ríkjandi innan deiliskráningarreitsins. Á síðustu áratugum hefur gróður víða náð sér á strik. Mosi, lyng og gras eru ríkjandi á þeim svæðum.

Hann er einn af fjórum hreppum sem getið er í Landnámu. Nafnið telja flestir afbökun úr “Kallaðarnes”, en á jörðinni var ferja á móts við Arnarbæli og kölluðu menn þar ferju á Ölfusá. Hjáleigur jarðarinnar voru alls um 11 talsins og röðuðust líkt og krugi umhverfis heimatúnið. Byggðin myndaði eitt samfellt tún, utan Hreiðuborgar, og má enn sjá ummerki um býlin og tóftir tengdar þeim víða. Á árunum 1754 til 1840 var rekin spítali fyrir holdsveika í Kaldaðarnesi en um miðja síðustu öld var jörðin hernumin af Bretum og síðar Bandaíkjamönnum með tilheyrandi raski. Mikil ummerki um hersetuna eru enn sjáanleg á jörðinni, m.a. flugvöllur og stór braggahverfi, og tók menningar- og búetulandslag jarðarinnar miklum breytingum á þessu tímabili. Ummerki um aldagamla nýtingu jarðarinnar vék að hluta fyrir hernaðarmannvirkjum og ægir þeim saman í bland á köflum.

Allt er Kaldaðarnesland marflatt en í Straumnesi suðvestarlega í landi jarðarinnar, og suður og austur frá því eru víðáttumikil og grösug slægjulönd sem gerðu Kaldaðarnes að mikilli landkostajörð. Það svæði sem tekið var út vorið 2021, var um 180 ha stór og er austast í landi jarðarinnar. Svæðið er að mestu innan sandgræðslugirðingar sem var sett upp árið 1946 og svæðið er mikið af raskað af völdum uppblásturs, flóða og efnistöku. Sökum þess var ákveðið í samráði við Minjastofnun Íslands að þaulganga eingöngu óröskuð svæði í leið að óþekktum fornleifum en staðsetja að auki þekktar fornleifar innan svæðisins alls.

Samtals voru skráðar átta fornleifar innan deiliskráningarreitsins en í öllum tilfellum

nema einu eru öll yfirborðsummerki horfin. Tóft ÁR-219:014 sést enn í svökölluðum Heimriflötum, skammt sunnan Ölfusár. Staðsetning og lag tóftar bendir til að um fjárskýli eða rétt sé að ræða. Þrjár af þeim fornleifum sem skráðar voru eru samgönguminjar en engin ummerki sjáust um neina þeirra. Leið ÁR-651:004 lá í átt að Sandvíkurbæjum en leið ÁR-651:003 og Prestvarða ÁR-219:015, sem var við hana, að Kotferju. Að auki var skráð heimild um draugatrú nærri leiðunum en talið var reimt í þurrum farvegi, Veituskörðum ÁR-219:017 á þessum slóðum. Heimildir geta varnargarðs ÁR-219:051 frá Veituskörðum, til vesturs með Heimriflötum (að heimatúnum bæjanna) en hann er horfinn. Heimildir geta malarnáms ÁR-219:052 á Kotferjuflötum við upphaf 20. aldar. Hraunið var brotið niður og nýtt í vegagerð í hreppnum en öll ummerki eru horfin. Að auki er ein bygging frá hernámsárunum, svokallaður varðskúr, innan svæðis en hann er fallinn.

Minjarnar sem skráðar voru endurspegla landnýtingu svæðisins á fyrri tímum og tengjast landbúnaði og samgöngum, enda er svæðið að mestu í úthögum. Minjarnar eru allar skilgreindar í stórhættu en rétt er að ítreka að í hættumatinu er ekki fólgið mat á gildi fornleifanna né hvort þær verði fyrir raski vegna væntanlegra framkvæmda. Í flestum tilfellum er ekki lengur efnislegra ummerkja um fornleifar að vænta á svæðinu og ljóst að rask vegna skógræktar hefur ekki teljandi áhrif. Tóft ÁR-219:014 sker sig þó úr og er sú eina sem enn er greinileg. Mikilvægt er að tryggja að hún verði ekki fyrir skemmdum sökum skógræktarinnar.

Það er rétt að vekja athygli hér í lok skýrslu á 22. og 23. grein laga um menningarminjar en í þeim segir: „Fornleifum, sbr. 3. mgr. 3. gr., jafnt þeim sem eru friðlýstar sem þjóðminjar og þeim sem njóta friðunar í krafti aldurs, má enginn, hvorki landeigandi, ábúandi, framkvæmdaraðili né nokkur annar, spilla, granda eða breyta, hylja, laga, aflaga eða flytja úr stað nema með leyfi Minjastofnunar Íslands.“ Ennfremur segir: „Finnist fornminjar sem áður voru ókunnar, t.d. undir yfirborði jarðar, sjávar, vatns eða í jökli, skal skýra Minjastofnun Íslands frá fundinum svo fljótt sem unnt er. Sama skylda hvílir á landeiganda og ábúanda er þeir fá vitneskju um fundinn.“ Minjastofnun Íslands mun taka afstöðu til áhrifa framkvæmdanna á fornminjar, hvort þau teljist ásættanleg og hvort nauðsynlegt sé að grípa til mótvægisáðgerða.

Heimildir

Adolf Friðriksson. 2005. *Kaldaðarnes í Flóa. Deiliskráning 2005. FS269-05201*. Reykjavík: Fornleifastofnun Íslands.

Björn Lárusson. 1967. *The Old Icelandic Land Registers*. C.W.K. Gleerup: Lund

Brynjúlfur Jónsson. 1905. „Rannsókn í Árneshöfði sumarið 1904.“ *Árbók hins íslenska fornleifafélags 1905*. Reykjavík: Ísafoldarprentsmiðja, bls. 1-51.

Brynjúlfur Jónsson. 1907. „Athugasemdir við Árbók Fornleifafélagsins 1905.“ *Árbók hins íslenska fornleifafélags 1907*. Reykjavík: Ísafoldarprentsmiðja, bls. 29-38.

DI: *Diplomatarium Islandicum eða Íslenzkt fornbréfasafn I, II, IV, V, VI, VII, VIII, XI, XII, XIII, XV*. 1853-1976. Kaupmannahöfn/Reykjavík.

Dönsku herforingjaráðskortin. 1:50000. Herforingjaráðskort nr. 38. Landsbókasafn Íslands. Slóðin er: https://kort.lmi.is/?zoomLevel=6&coord=497305.86959999986_489915.09650000_01&mapLayers=169+100+default,95+100+,96+100+,268+100+default

Guðmundur Kristinsson. 1998. *Styrjaldarárin á Suðurlandi*. Selfoss: Árneshöfði.

Guðrún Alda Gísladóttir. 2002. *Menningarminjar í Sandvíkurhreppi. Svæðisskráning*. FS182-02121. Reykjavík: Fornleifastofnun Íslands.

ÍF XIII: 2009. *Íslenzk fornrit 13. Bárðar saga; Þorskfirðinga saga; Flóamannasaga*. 2. útg. Reykjavík: Hið íslenska fornritafélag.

Hannes Þorsteinsson. 1923. „Rannsókn og leiðrjettingar á nokkrum bæjarnöfnum á Íslandi.“ *Árbók hins íslenska fornleifafélags 1923*. Reykjavík: Ísafoldarprentsmiðja, bls. 1-96.

JÁM II: *Jarðabók Árna Magnússonar og Páls Vídalíns*. 1918-1921. Kaupmannahöfn: S.L. Möller.

Lög nr. 80 um menningarminjar. Slóðin er: <https://www.althingi.is/lagas/nuna/2012080.html>

Ragnheiður Gló Gylfadóttir og Stefán Ólafsson. 2018. *Fornleifakönnun: Lagning jarðstrengs innan sveitarfélagsins Árborgar*. FS718-18461. Reykjavík: Fornleifastofnun Íslands.

SB II: *Sunnlenskar byggðir II: Flóinn*. 1981. Páll Lýðsson (ritstjóri). Reykjavík: Búnaðarsamband Suðurlands.

SSÁ: *Árnessýsla. Sýslu- og sóknarlýsingar Hins íslenska bókmenntafélags 1839-1843 og lýsing Ölfubreyppis anno 1703 eftir Hálfðán Jónsson*. 1979. Svavar Sigmundsson (ritstjóri). Reykjavík: Sögufélag.

Sturlunga saga I-II. 1946. Jón Jóhannesson, Magnús Finnbogason og Kristján Eldjárn (ritstjórar). Reykjavík: Sturlunguútgáfan.

Vígfús Guðmundsson. 1927. „Ölfusá.“ *Árbók hins íslenska fornleifafélags 1927*. Reykjavík: Ísafoldarprentsmiðja, bls. 35-57.

Þjóðskjalasafn Íslands. 2018. Túnakort í Sandvíkur- og Stokkseyrarhreppi frá 1920. Slóðin er: <http://www.archivesportaleurope.net/ead-display/-/ead/pl/aicode/IS-PI/type/fa/id/Stj%C3%B3rnarr%C3%A1%C3%B0+%C3%8Dslands+-+II.+skrifstofa+-+T%C3%BAanakort+1916-1929/unitid/IS-%C3%9E%C3%8D-0021-0000-012/search/0/T%C3%BAanakort>

Ö-Kaldaðarnes. Páll Lýsson skráði. Án ártals. Stofnun Árna Magnússonar í íslenskum fræðum, örnefnasafn. Slóðin er: <https://nafnid.is/>

Viðauki I: Minjakort



